

Umsögn um mál 31, 150. löggjafarþing, þingskjal 31 –

Grænn samfélagssáttmáli

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Alda lýsir yfir ánægju með þingsályktunartillögu þessa, enda er um mjög verðugt málefni að ræða. Ljóst er og brýnt, að endurhugsa þarf margt í okkar samfélagsgerð, enda setja lífnaðarhættir okkar mikið álag á umhverfið og stefnir vistkerfum jarðar í hættu, en við reiðum okkur á umhverfið og vistkerfin til að komast af. Á sama tíma er mikilvægt að ný hugsun tefli ekki í hættu lífsgæðum okkar. Ennfremur þurfum við að ná fram samhentum breytingum til að lífnaðarhættir okkar samræmist vistkerfum jarðar og óspilltri náttúru, en slíkt er aðeins gert í mörgum skrefum yfir lengri tíma. Í því skyni er brýnt að koma á nýjum samfélagssáttmála, en svo er tilgangur þessara tillaga.

Alda vill þó gera nokkrar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar, en markmið og inntak athugasemdanna er að tryggja að þingsályktunartillagan sé unnin í meiri sátt og með fleiri markmið í huga.

Samráð við almenning

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að boðað verði til þjóðfundar, en hún gerir ekki grein fyrir því hvernig tillögum þjóðfundurinn ætti að skila af sér eða hvernig uppsetning þjóðfundarins ætti að vera, hvaða vægi þær tillögur eiga að hafa eða í hvaða ferli þeim yrði beint.

Hugmyndin virðist þó vera að samráð sé haft við almenning, en þingsályktunartillagan gerir ekki ráð fyrir meira samráði við almenning eftir lok þjóðfundarins. Ef gert er ráð fyrir að halda svipaðan þjóðfund og voru haldnir árin 2009 og 2010 er örðugt að sjá að þjóðfundurinn myndi skila af sér ítarlegum tillögum, enda eru slíkir þjóðfundir stuttir og ná því ekki að fara sérlega djúpt í málefni og því eru niðurstöður þeirra venjulega heldur óljósar eins og dæmin sanna. Önnur leið væri að efna til rökræðukönnunar, líkt og gert var vegna stjórnarskrárbreytinga fyrr á árinu og stóð í tvo daga, en rökræðukönnun er heldur ekki tæki til þess að móta eiginlegar tillögur um aðgerðir heldur sýna niðurstöður hennar okkur ígrundaðar skoðanir þátttakenda á þeim spurningum sem bornar eru fyrir þá. Hvorug leiðin er dugar að mati Öldu.

Að mati Öldu er hér um málefni að ræða sem verður að vinnast í mun meira samstarfi við almenning svo að þær aðgerðir sem grípa þarf til vegna loftslagsbreytinga og hruns vistkerfa, njóti

almenns stuðnings og réttmætis, í stað þess að valda deilum og klofningi í samfélaginu og stjórnámálunum. Það er ljóst að það tekur tíma að vinna slíkar tillögur og það er ekki gert á þjóðfundi sem stendur í einn eða tvo daga.

Í grunninn gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir því að tillögur verði mótaðar af ráðherrum og þingmönnum og að Framtíðarnefnd Alþingis gegni þar lykilhlutverki. Alda telur hins vegar að vegna eðlis og áhrifa þeirra breytinga sem fylgja því að taka á loftslagsmálum þurfi aðra nálgun, það þurfi að færa frumkvæðið til almennings.

Því leggur Alda til að efnt verði til slembivalins borgaraþing til þess að gera tillögur að framtíðarstefnu í málaflokknum. Fyrir borgaraþingið verði efnt til víðtæks almenningsráðs í formi lýðvistunar sem verði borgaraþinginu og Framtíðarnefnd til leiðsagnar. Þá gæti enn fremur verið æskilegt að Framtíðarnefnd Alþingis haldi utan um borgaraþingið fyrir hönd Alþingis.

Meðal raka fyrir því að færa dagskrárvaldið í þessum málaflokki í auknu mæli til almennings mætti m.a. nefna:

1. Losun heldur áfram að aukast meðan tíminn líður. Á sama tíma er og óljóst er hvort eða hvenær stjórn mála fylkingar sem verja ólíka sýn á hagsmuni ná einhverskonar samkomulagi um aðgerðir.
2. Almennitur hefur oft á aðra sýn á þau vandamál sem blasa við en ráðamenn og því ekki víst að þær aðgerðir sem ráðamenn geta komist að samkomulagi um njóti víðtæks stuðnings í samfélaginu.
3. Hagsmunaaðilar eiga oft auðveldara með að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á framgang mála en almennitur í krafti sérfræðiþekkingar og fjármagns sem þeir geta varið í “lobbisma”.
4. Mikil hætta er á að hagsmunaverðir muni vinna að því af fullum þunga að þynna út allar tillögur til aðgerða sem þeir telja að hafi áhrif á umbjóðendur þeirra.

Þetta telur félagið mikilvægt að hafa í huga, þar sem vinna þarf fjölmargar róttækar tillögur, enda er að því stefnt samkvæmt þingsályktunartillögunni að nýtt hagkerfi líti dagsins ljós á næstu árum og áratugum, meðal annars fyrir tilstilli þeirra. Slíkt kostar mikið átak, hvort sem er á sviði stjórnmalanna eða í atvinnurekstri. Til að þetta sé gerlegt verður að eiga ríkt samstarf við almennitur, enda er markmiðið að almennitur njóti góðs af.

Það er af ofangreindum ástæðum sem Alda leggur til að notast yrði heldur við *borgaraþing* sem starfar yfir mun lengri tíma, og beinlínis stýrir vinnunni um tillögurnar í samráði við stjórnmalamenn.

Borgaraþing

Kallað hefur verið til borgaraþinga (*Citizens' Assembly*) erlendis, til að vinna að erfiðum og flóknum málum sem þarfnast úrlausnar við, með góðum árangri. Á Írlandi var kallað til borgaraþings sem stóð á annað ár, og fjallaði um breytingar á stjórnarskrá Írlands og var einnig falið

að setja fram tillögur um aðgerðir til að Írland gæti orðið í fararbroddi í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Borgaraþing eru skipuð slembivöldum fulltrúum almennings, líkt og þjóðfundir og rökræðukannanir, en þau standa yfir lengri tíma, oft í um eitt ár. Þingið kemur þá venjulega saman nokkrum sinnum á tímabilinu yfir heila helgi. Eitt lykilatriði að baki velgengni borgaraþinga er að þau geti kallað til sín þá sérfræðinga sem meðlimir þeirra vilja ræða við, þau geta einnig kallað til þá stjórnámamenn og ráðherra sem þau vilja og leitað þeirra gagna sem þau telja skipta máli. Þau njóta sjálfstæðis í sinni vinnu og eru gagnsæ þannig að almenningur, fjölmiðlar og stjórnámamenn geta fylgst með ferlinu. Þannig skapast traust í samfélaginu gagnvart ferlinu. Framtíðarnefndin gæti komið að þessari vinnu sem sérfræðihópur.

Tillaga Öldu er að kallað verði til borgaraþings sem svo myndi vinna tillögur, í stað þess að vinnan hefjist á því, eins og getið er í þingsályktunartillögunni, að þær verði unnar í forsætisráðuneytinu. Eðlilegt er þó að Framtíðarnefnd Alþingis verði tengiliður borgaraþingsins af hálfu stjórnámamanna, enda fellur vinna sem þessi undir markmið nefndarinnar.

Vinna verði að fleiri markmiðum

Í þingsályktunartillögunni er nefnt að stefna þurfi að markmiðum um kolefnishlutleysi (liður nr. 1) og hagkerfi án vaxtar (liður nr. 3). Þessi markmið eru mjög mikilvæg, vegna þeirra umhverfisvandamála sem við blasa, en ljóst er að til að hægt sé að ná þessum markmiðum þurfa grunnhugmyndir um hagkerfið að breytast. Til að slíkt geti gerst þarf að leggja grunn að gjörbreyttum háttum í athafnalífi og viðskiptalífi. Móta þarf slíkar tillögur.

Þá er ljóst að samfélag okkar hefur tekið stakkaskiptum á síðustu 10-15 árum, í formi rafrænna samskipta, breyttra flutningahátta, framfara í framleiðslu og iðnaði, og aukinnar þekkingar á ýmiss konar ferlum hvort sem er í iðnaði eða í náttúrunni. Svo áþreifanlegt dæmi sé tekið hefur störfum í sjávarútvegi fækkað mikið hér á Íslandi, þótt svo verðmæti afurða greinarinnar hafi aukist mikið á þessum tíma – þetta er vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar og betri nýtingar auðlinda. Framleiðni á hverri vinnustund hefur tvöfaldast á síðastliðnum þrjátíu árum fyrir tilstilli allra þessara breytinga. Ljóst er að á næstu árum og áratugum mun tækni gegna lykilhlutverki við að auka framleiðni. Aukin sjálfvirkni er á margan hátt gagnleg, en huga þarf betur að nýtingu sjálfvirkinnar en nú er gert. Slík vinna ætti að vera hluti græna samfélagssáttmálans.

Á undanförnum 140 árum eða svo, á Íslandi eins og annarsstaðar, hefur sífelld aukin framleiðni verið nýtt til aukinnar neyslu. Neyslan er nú orðin sérstakt vandamál, sem birtist í ofnýtingu auðlinda, loftslagsbreytingum, sorpi sem tekur gríðarlegt pláss við urðun, hruni vistkerfa og mörgu fleiru. Á sama tíma hefur ójöfnuður og langur vinnutími valdið því að kulnun og streita eru útbreidd vandamál í okkar samfélagi. Þetta eru lifnaðarhættir sem ekki ganga upp, hvorki gagnvart manneskjunni eða náttúrunni.

Á sama tíma eru einnig að koma fram nýjar leiðir við að reka fyrirtæki. Í Bretlandi og á Spáni á finna lýðræðisleg fyrirtæki sem eru rekin í þágu starfsmanna sinna, en ekki til háværkunar arðs fyrir eigendur sem taka engan þátt í starfsemi fyrirtækjanna. Slík fyrirtæki standa frekar af sér kreppur og áföll, enda eru þau rekin með fjölþætt markmið í huga og taka minni áhættu en fyrirtæki sem eru

rekin til hámarks arðs fjárfesta. Slík fyrirtæki veita starfsfólki sínu einnig ríkara öryggisnet en flest fyrirtæki gera. Efla þarf slíka starfsemi á Íslandi og huga verður að löggjöf og stefnubreytingu til að slíkt geti gerst.

Alda telur einsýnt að lausnirnar á öllum ofangreindum vandamálum verði *meðal annars* að felast í því að nýta aukna framleiðni fyrirtækja til annars en sífellt aukinnar neyslu, s.s. með því að gera fólki kleift að vinna minna, neyta minna, og eiga meiri frítíma. Rannsóknir hafa sýnt að stytting vinnuvikunnar dregur úr kulnun, streitu, og hefur jákvæð áhrif á umhverfið -- þar á meðal loftslagsbreytingar. Lýðræðisleg fyrirtæki gætu gegnt mikilvægu hlutverki við að nýta aukna framleiðni fyrirtækja til annars en að neyta sífellt meira, en innan lýðræðislegra fyrirtækja gefst meiri kostur á að velja hvað verður um aukna framleiðni. Alda telur einnig ljóst að huga beri að auknum efnahagslegum jöfnuði og hringrásarhagkerfi, en móta þarf haldbærar tillögur um slíkt. Hugsa verður að öllum þessum málum heildrænt.

Alda telur mikilvægt að ofangreind markmið verði einnig höfð í huga við vinnslu á grænum samfélagssáttmála.

Félagið er eins og ávallt reiðubúið til að ræða nánar við nefndir Alþingis um umsagnir sínar.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður
Sævar Finnbogason, stjórnarmaður